

Fundur Betadeildar miðvikudaginn 3. desember 2008.

Fundarstaður: Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Dagskrá:

1. Setning fundar.
 2. Inntaka nýrra félaga.
 3. Fundargerð síðasta fundar.
 4. Orð til umhugsunar.
 5. Góður gestur kemur á fundinn og segir frá síðum kringum jól og áramót í heimalandi sínu.
 6. Jólamáltíð og huggulegheit með söng og gleði.
 7. Happraetti og söfnunarpoki.
 8. Fundi slitið.
-
1. Eygló setti fundinn og bauð félagskonur velkomnar. Hún las upp kveðjur frá fjarverandi félagskonum. Auk þess las hún upp þakkarbréf frá Þórönnu vegna fráfalls eiginmanns hennar. Hún sagði frá bréfi frá Mögnu Guðmundsdóttur um úrsögn úr félaginu vegna anna. Eygló tilkynnti lát eiginmanns Þórunnar Bergsdóttur og að stjórnin tæki að sér að baka smávegis fyrir erfisdrykkjuna.
 2. Tvær nýjar félagskonur voru teknar inn í félagið þær Björk Sigurðardóttir og María Gunnarsdóttir.
 3. Þorgerður las fundargerð frá síðasta fundi. Ein athugasemd var gerð og var fundargerðin samþykkt til samræmis við það.
 4. Þorgerður las jólahugvekju um 87 ára gamlan mann sem neyddist til að eyða jólinum í tjaldi með fjölskyldu sinni í Suður Afríku.
- Meðan beðið var eftir gestinum sagði Anna Þóra frá því að hún færi til Egilsstaða eftir helgi til að skoða aðstæður fyrir landsþingið og yrði á fundi hjá Zeta konum um kvöldið. Hún lofaði að skila kveðju frá Beta deild.
5. Jólagesturinn að þessu sinni var Deborah Julia Robinson frá Suður Afríku en hún býr í Eyjafjarðarsveit og hefur búið á Íslandi í 20 ár. Hún las frumsamda sögu um minningar sínar frá jólum í Suður Afríku þegar hún var 10 ára gömul. Þar koma fram ýmsir jólasíðir og hefðir sem tengjast jólum þar í landi sem hún útskýrði nánar og bætti við frásögnina.
 6. Síðan gæddu félagskonur sér á jólakræsingum sem stjórnin sá um. Mikið sungið á milli rétta og áður en máltíðin hófst. Eftir máltíðina var spjallað og sungið.
 7. Jónína fékk happdrættisvinningin.
 8. Fundi slitið.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir